



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2025

HÖTE2HU05 Hugmyndavinna og textíll

Kennari:	Guðbjörg Bergsveinsdóttir	Sk.st.	GB
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum hugmyndavinnu og helstu tækni og aðferðum í tengslum við vinnu með textíl. Hann vinnur eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á samband milli hugmynda, hráefnis, tækni aðferða og listrænnar sköpunar. Hver nemandi kynnir verkefni sín og þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefnin og að nemendur læri hver af öðrum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Samband milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- Litum, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
- Hvernig náttúran og eigin menning er uppspretta hugmynda við eigin vinnu og hönnuða almennt
- Heildar hönnunarferlinu

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Tileinka sér nýjungar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
- Nota mismunandi litasamsetningar

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Þróa hugmynd eftir markvissu þróunarferli
- Setja fram hugmynd munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- Nýta sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
- Rökstyðja eigin verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar, handverks og textíls í FSu. Ljósrit og efni af alneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	15-24 jan	Kynning og skipulag Möppugerð	Vinnumöppugerð
3	27 jan - 14 maí	Hönnunarferli hefst Saumavélaæfingar Skissuteikning og tillaga að hönnun 1 Móta í pappír (sníðagerð) Prufu flík/hlutur Lokaverkefni	Sett í möppu Verkefni skilað með Sniðum, verklýsingum.

Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara:Innlögn 1x í viku eða eftir þörfum. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Samvinna um vinnu í forgangshóp og sjálfstæðishóp
4. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
5. Efnisgjald, kr. 8.000 skal greiðast á skrifstofu skólans sem fyrst. Innifalið í efnisgjaldi er að mestu efni í vinnumöppu, prufur og prufuflík, ásamt afnotum af textíllager og afnot af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu. hefur yfir að ráða.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Megin þættir áfangans eru: Gagnasöfnun, úrvinnsla, mótun prufuhlutur og/eða tilraunavinna, auðskilin vinnulýsing, fullunnin flík/hlutur, frágangur og markaðssetning (þátttaka í sýningu í annarlok). Nemandi þarf að ná 5 fyrir fullunnið verkefni og hafa mætingu í lagi.	100%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar

Selfoss 13 janúar 2025

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

